



Kvenfélag Grímsneshrepps 100 ára

Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar á málþingi Kvenfélags Grímsneshrepps Borg í Grímsnesi 9. mars 2019

Formaður og forystusveit Kvenfélags Grímsneshrepps,
formaður Almannaheilla,
aðrir góðir gestir

Ég óska Kvenfélagi Grímsneshrepps hjartanlega til hamingju á hinum miklu tímamótum. Þau eru ekki mörg félögin, sem geta fagnað aldarafmæli. Megi heill og gifta fylgja þessum virðulegu og farsælu samtökum. Minnumst líka þeirra kvenna sem ljáð félaginu krafta sína fyrir á tíð. Ekki er á neinn hallað þótt hér séu forvígiskonurnar sérstaklega nefndar; fyrsti formaðurinn, Soffía Skúladóttir á Kiðjabergi, og hinar stjórnarkonurnar tvær, Sesselja Guðmundsdóttir á Apavatni og Sigríður H. Guðmundsdóttir frá Ormsstöðum.

Á hundrað árum hefur margt borið til tíðinda, margir fundir haldnir og samkomur sömuleiðis. Og mörg málefni hafa verið studd og styrkt, að fornu og nýju. Þannig er mér sagt að síðastliðin fimm ár hafi félagið safnað nær sex milljónum króna til ýmissa þjóðþrifaverka í héraði. Fyrir þetta ber að þakka.

Þá er ekki síður mikilvægt að nefna félagslega þáttinn. Innan samtaka af þessu tagi gefst færi á að hittast, skiptast á skoðunum, rökræða og njóta samvista við annað fólk. Á dögum hinna óteljandi fjölmiðla og tælendi samfélagsmiðla getur verið fullfreistandi að sitja heima, láta tæknina sjá um að stytta sér stundir. En um leið eykst sú hættu að fólk verði einmana og afskipt, fari á mis við mannleg samskipti. Þetta eru engar ýkur; haft hefur verið á orði að einsemd og einangrun gætu orðið ein mesta heilbrigðisvá okkar aldar.

Hér verður mér líka hugsað til lýsinga núverandi formanns félagsins, Laufeyjar Guðmundsdóttur, á kostum þess að vinna saman að góðum málum. „[P]etta [er] góð leið til að viðhalda tengslunum við sveitina og fólkið sem býr þar og kynnast fleirum,“ segir í nýlegum pistli Laufeyjar á heimasíðu félagsins, og hún bætir við: „Svo er það bónusinn að geta gefið til samfélagsins, fengið að efla mig sem einstakling og að takast á við stór og smá verkefni sem hafa verið misflókin og ég hef lært heilmikið af, bæði á sjálfa mig, að starfa í teyrum og mannlegum samskiptum.“

Góðir áheyrndur: Ekki verður heldur minnst á kvenfélag án þess að nefna kvenréttindi og jafnrétti, og er það einkar vel við hæfi að loknum alþjóðlegum baráttudegi kvenna í gær. Starfsemi og ímynd kvenfélaga hefur vissulega breyst og þróast í tímans rás, og því er ekki að leyna að nokkurs núnings varð vart fyrir um hálfri öld eða svo, þegar gamli tíminn og sá nýi mættust, ef svo má segja.

Ég leyfi mér að nefna hér að amma mín, Sigurveig Guðmundsdóttir, var þá virk í starfi Kvenréttindafélags Íslands og varð vitni að þessum árekstri. Í endurminningum sínum, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skráði, sagði Sigurveig svo um eldri konurnar, Önnu Sigurðardóttir, sem lengi var í fylkingarbrjósti, og fleiri:

Þær afskrifuðu kjólinn og þá stífu hárgreiðslu sem einkenndi eldri kynslóðina og gengu í víðum fötum, buxum og jafnvel berfættar í skónum. Eldri kynslóðinni fannst þetta alveg óþolandi ódömulegt og þessi stíll gekk alls ekki í gamlar, virðulegar konur í Kvenréttindafélaginu. Það er hægt að ímynda sér konu í peysufötum á fundi við hliðina á annarri sem gengur berfætt í skónum og í síðbuxum. Við Anna gengum ekki í buxum, því miður. Ég gekk allt of seint í slíkum fatnaði – sá bjáni sem ég var.

Hér fyrir austan fjall höfðu konur svipaða sögu að segja. Á landsþingi Kvenréttindafélagsins árið 1972 var Sigríður Árnadóttir frá Arnarbæli fulltrúi kvenfélagsins hér. „Aðspurð um hinar nýju hreyfingar ungra kvenna,“ sagði hún í einu dagblaðanna, „kvaðst hún ekki vilja skrifa undir allt sem þær létu frá sér fara en hins vegar hefðu þær margt til síns máls á sumum sviðum.“ Og svo kom kvennafrídagurinn mikli þremur árum síðar. Þá komu sunnlenskar konur saman í Selfosbíói, réðu ráðum sínum og fjölmenntu á útifundinn mikla á Lækjartorgi í Reykjavík. Um þessi tímamót í kvennabaráttunni sagði Sigurhanna Gunnarsdóttir, formaður Sambands sunnlenskra kvenna:

Sem hvatningu til kvenna í sveitum vil ég segja: Reynum að láta störf okkar þennan kvennafrísdag virka sem dálítinn pening í sparisjóð lífsins. Látum þá öldu, sem nú er risin, ekki fjara út en fylgjum henni eftir með störfum okkar og verum ekki hræddar við að axla þær byrðar í þjóðfélaginu sem í hlut okkar koma.

Ágætu áheyrendur: Þessi orð hljóta enn að teljast í góðu gildi. Ég ítreka árnaðaróskir til Kvenfélags Grímsneshrepps og lýsi um leið ánægju með það ágæta framtak í tilefni aldarafmælisins að boða til málþings um mikilvægi félagasamtaka og sjálfbærliða í samfélaginu. Í kynningu þingsins var spurt: „Eru frjáls félagasamtök barn síns tíma eða er þörfin fyrir þau jafnmikil í dag og fyrir 100 árum?“ Svarið er einfalt: Þörfin er eins brýn, ef ekki brýnni. Við erum félagssverur, mannfólkið, og samfélög okkar virka ekki án samhjálpur og samúðar, gjafmildi og ósérplægni. Þetta eru algild sannindi. Þau voru sönn fyrir hundrað árum og þau eru sönn innan sem utan hreppamarkanna hér. Hjörtum mannanna svipar jú saman í Súdan og Grímsnesinu. Gangi ykkur áfram vel í ykkar dýrmætu störfum, ágætu kvenfélagskonur í Grímsnes- og Grafningshreppi, sjálfum ykkur og samfélaginu til heilla.